

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Vatnsholt í Grímsnesi.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóða Lambaness, lóð 1, Lambaness, lóð 2 og Vatnsholtsveggar 6. Í breytingunni felst að lóðirnar hafa verið hnitsettar og eru nú afmarkaðar með hnitum og málsetningum.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. febrúar 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Hestur, frístundabyggð, Hestur, lóð 18.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóðar Hests 18 innan frístundasvæðis á jörðinni Hesti. Í breytingunni felst að skilgreining byggingarreits á lóðinni er skilgreind í 10 metra fjarlægð frá lóðarmörkum að hluta.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. september 2023.

Deiliskipulagsbreyting, Kiðjaberg, frístundabyggð, vegtenging.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til frístundasvæðisins að Kiðjabergi. Í breytingunni felst að vegtengingu verði breytt þannig að í stað tengivegar verði tvær botnlangagötur. Vegtenging verður að lóðum 18-26 frá afleggjara að Arnarbæli og tenging að lóðum 1-17 frá Kiðjabergsvegi.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. september 2023.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 9. febrúar 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.